


Hvað er
klukkan?

Salvador Dalí

Myndlistarmaður



Uppfinning

Ég fæddist á Spáni árið 1904
og elskaði að mála drauma
sem urðu að furðulegum
myndum.

Ég málaði bráðnandi
klukkur og skrítið landslag
sem virtust koma úr
ævintýrum.

Listin mín er eins og töfrar,
hreyfir við ímyndunaraflinu
og vekur undrun.



Frístundalæsi

Frida Kahlo

Myndlistakona




Ég er
uppáhalds
gæludýrið

Nei ég!

Ég fæddist í Mexíkó árið 1907 og málaði sjálfa mig, dýrin mín og litríka menningu landsins míns.

Ég var oft veik en hætti aldrei að mála því listin hjálpaði mér að tjá tilfinningar mínar.

Málverkin mín segja sögur um styrk, sorg og gleði.



Frístundalæsi

Hokusai

Myndlistarmaður


Ég fæddist í Japan árið 1760 og gerði bæði prentmyndir og teikningar.

Ég bjó til myndir af fjöllum, fuglum, fólki og daglegu lífi í Japan.

Með listinni minni vildi ég sýna hversu fallegur heimurinn getur verið.

Eigum við að kíkja á ströndina?

Frístundalæsi



Edward Hopper

Myndlistarmaður

Ég fæddist í
Bandaríkjunum árið
1882 og elskaði að
mála kyrrlátar
borgarmyndir.

Myndirnar mínar
voru stundum eins
og rólegt atriði í
bíómynd.

Ég vildi sýna hversu
fjölbreyttar sögur
leynast í þögninni.



Frístundalæsi

Angelica Kauffman

Myndlistakona

Ég elska hlusta
á spennandi
sögur

Ég fæddist í Sviss árið 1741 og varð fræg listakona í Evrópu.

Ég málaði myndir af fólki og ævintýrum.

Ég hjálpaði til við að stofna stórt listasafn og listaskóla í London sem heitir Konunglega listaakademían og ég var ein af fyrstu konunum þar.

Já, suss, ég
er að reyna
hlusta

Frístundalæsi



Yayoi Kusama

Myndlistakona


Ég fæddist í Japan árið 1929 og elska að skapa með punktum, speglum og skærum litum.

Ég bý til rými sem eru eins og ævintýraheimar þar sem allt er fullt af litum, ljósum og spegilmyndum.

Listin mín er mín leið til að sýna hvernig hugmyndir, litir og form geta gefið lífinu lit.

Ég er í kremju!

Frístundalæsi



Baya Mahieddine

Myndlistakona

Ég verð
að dansa

Ég fæddist í Alsír árið 1931 og byrjaði að mála þegar ég var lítil.

Ég elskaði að mála litríkar konur, blóm og ævintýralegan draumaheim.

Listin mín var svo sérstök að jafnvel frægir listamenn vildu læra af mér.

Við rokkum
þetta

Frístundalæsi



Raja Ravi Varma

Myndlistarmaður

Ég fæddist á Indlandi árið 1848 og elskaði að mála hetjur og gyðjur úr ævintýrum og goðsögnum.

Ég notaði liti og form til að segja sögur með málverkum svo fólk gæti séð ævintýrin fyrir sér.


Ég málaði sögurnar til þess að sem flestir gætu notið þeirra, bæði ungir og aldnir.

Hvar er hundurinn minn?



Augusta Savage

Myndhöggvari



Ég fæddist árið 1892 og mótaði stytur sem sýndu fallega menningu svartra bandaríkjamanna.

Ég barðist fyrir því að börn og ungt fólk gætu lært list, sama hver þau voru.

Ég trúði því alla tíð að list gæti breytt heiminum.

Mig hefur alltaf langað að syngja



Frístundalæsi

Henry Ossawa Tanner


Myndlistarmaður

Þeir spila
svo vel

Ég fæddist í
Bandaríkjunum árið
1859 og var fyrsti
svarti bandaríski
listamaðurinn sem varð
frægur í Evrópu.

Ég málaði hlýlegar
myndir sem sögðu sögur
af fjölskyldu, trú og von.

Ljós og skuggar skiptu
miklu máli í myndunum
mínum og hjálpuðu til
við að segja söguna.



Frístundalæsi